

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra,
Fjármála- og efnahagsráðuneytið,
Arnarhvoli,
101 Reykjavík.

Reykjavík, 28. febrúar 2019.

Tilv. Isavia1902042//FJR19020050/11.0

Efni: Ákvörðun launa og starfskjara forstjóra Isavia.

Í byrjun árs 2017 barst stjórn Isavia bréf frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu varðandi ákvörðun launakjara forstjóra Isavia. Í bréfinu var bent á þá skyldu stjórnar, að við ákvörðun launa og starfskjara yrði almennt fylgt ákvæðum eigendastefnu ríkisins um að félög í eigu ríkisins settu sér hóflega en samkeppnishæfa launastefnu sem sé ekki leiðandi. Þá skyldi horft til ábyrgðar og árangurs við ákvörðun um starfskjör og gætt skyldi að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum. Þá var vísað til mikilvægis þess að stjórnir hefðu í huga áhrif launaákvæðana á stöðugleika á vinnumarkaði og ábyrgð félaganna í því sambandi og að launaákvæðanir yrðu varkárar og forðast yrði miklar launabreytingar á stuttu tímabili.

Í framhaldi af bréfi ráðuneytisins aflaði stjórnin úttektar hjá ráðgjafafyrirtækinu Intellecta, sem hefur sérhæft sig á sviði kannana á launum forstjóra fyrirtækja í því skyni að fá fram viðmið til að vinna út frá við ákvörðun launa. Leitað var eftir því hver væru eðlileg viðmið um laun forstjóra á almennum markaði. Samkvæmt skýrslunni, sem var skilað í mars 2017, er byggt á launagögnum forstjóra hjá um það bil 300 fyrirtækjum, og voru þau notuð til þess að meta og ákvarða markaðslaun. Skilaði ráðgjafinn mati sem byggði á fyrirtækjum með svipaða veltu og fjárhagslega stjórnunarábyrgð. Niðurstaðan var sú að mánaðarlaun forstjóra í sambærilegu fyrirtæki og Isavia væru á bilinu 3,1 til 4,1 milljón króna.

Stjórn Isavia leit svo á að hækkun í neðstu mörk mats Intellecta væri of mikil í einu skrefi og ekki í samræmi við eigendastefnu og tilmæli um varkárni við ákvörðun launa. Á fundi stjórnar þann 26. september 2017, samþykkti stjórnin að fela formanni að endurnýja ráðningarsamning við forstjóra í samræmi við samþykktu tillögu starfskjaranefndar. Á fundi stjórnar þann 2. nóvember 2017 samþykkti stjórnin nýjan ráðningarsamning, þar sem laun forstjóra félagsins voru ákveðin 2.380 þkr. frá og með 1. júlí 2017. Fyrir voru laun forstjóra kr. 1.748 þkr. og nam launabreytingin því 36,1%. Samhliða því var ákveðið í samræmi við ákvæði starfskjarastefnu Isavia og ráðningarsamning forstjóra félagsins að endurmeta laun forstjóra á árinu 2018. Á stjórnarfundi 20. desember 2018 var síðan samþykkt tillaga starfskjaranefndar um að laun forstjóra skyldu hækka um 2,3% frá 1. janúar 2018 og um 3,0% frá 1. maí 2018 í samræmi við ákvæði almennra kjarasamninga. Heildarlaun forstjóra Isavia hafa því hækkað alls um 43,4 % frá því ákvörðun launa var á ný færð til stjórnar fyrirtækisins til þessa dags.


Auk þess að byggja á framangreindri ráðgjöf tók stjórnin mið af ákvörðun kjararáðs á tímabilinu 2013-2017 um hækkun launa aðila, sem féllu undir úrskurðarsvið ráðsins.

Samkvæmt skýrslu starfshóps um málefni kjararáðs, dags. 14.02.18. (bls.33), hækkuðu laun þeirra, sem áttu undir kjararáði um 35-75% á árunum 2013-2018 á sama tíma og almenn launaþróun virðist liggja á bilinu 35-40%. Varðandi ákvörðun launa forstjóra Isavia telur stjórn eðlilegt að líta til umfangs starfsemi félagsins, mannaforráða þeirra starfsmanna sem heyra undir forstjóra og launakjara þeirra. Til þess ber einnig að líta að starfsemi Isavia hefur aukist verulega frá því að forstjóri félagsins var upphaflega ráðinn til starfa. Starfsmenn félagsins eru nú um 1.500 og hefur launaþróun þeirra t.a.m. verið á þann veg að flugumferðastjórar og háskólamenntaðir starfsmenn hafa hækkað um 65 – 90% á tímabilinu 2010-2018 á sama tíma og launakjör forstjóra almennt hafa hækkað um 85% og launavísitala hefur hækkað um 75%. Laun forstjóra hafa ekki fylgt hlutfallslegri hækkun á sama hátt og undirmanna hans og hefur hann raunar lengst af verið á lægri launum en margir þeirra á síðustu árum.

Hér að ofan hafa verið rakin atriði í tengslum við ákvarðanir launa forstjóra Isavia eftir að ákvörðun var á ný færð til stjórnar félagsins. Í gildi er starfskjarastefna fyrir Isavia, samþykkt á aðalfundi félagsins, og skuldbindur hún stjórn til þess að endurskoða árlega laun forstjóra og hvaða sjónarmið skuli líta til við þá endurskoðun. Einnig er kveðið sérstaklega á um það að launin skuli sæta breytingum í samræmi við almenna þróun launakjara í sambærilegum fyrirtækjum og vera samkeppnishæf. Þá kveður ráðningarsamningur forstjóra jafnframt á um að laun og starfskjör skuli tekin til endurskoðunar á hverju ári.

Forstjóri Isavia hefur gegnt því starfi frá upphafi rekstrar árið 2010. Áður starfaði hann sem forstjóri Keflavíkurflugvallar ohf. frá árinu 2008 og voru heildalaunakjör hans þá 1.700 þkr. á mánuði. Hinn 23. febrúar 2010 úrskurðaði kjararáð um laun og starfskjör hans sem forstjóra Keflavíkurflugvallar ohf. og svo þann 21. júní 2010 sem forstjóra Isavia. Þegar hér var komið sögu höfðu heildarlaun hans lækkað um tæp 31% frá því hann réði sig til Keflavíkurflugvallar árið 2008. Með nýjum ráðningarsamningi milli Isavia og forstjóra, dags. 26. janúar 2011, var vísað til þess að ef stjórn tæki yfir ákvörðun um kjör forstjóra frá kjararáði skyldi endurskoða launakjörin. Laun forstjóra Isavia og forvera þess, Keflavíkurflugvallar ohf., hafa hækkað um 47,5% frá 2008 til loka árs 2018 á sama tíma og launavísitala hefur hækkað um 92,9%. Laun forstjóra hafa því ekki tekið breytingum í hlutfalli við almenna launaþróun á þessum tíma.

Fh. stjórnar Isavia ohf.



Ingimundur Sigurpálsson,
formaður stjórnar